


UPPLÝSINGAR

FYRIR EINSTAKLINGA MEÐ MEINVALDANDI BREYTINGU Í *MUTYH* GENI


- MUTYH*** Niðurstaða erfðarannsóknar leiddi í ljós að þú berð meinvaldandi breytingu í *MUTYH* geni (c.1187G>A, monoallelic variant)
- Krabbameinsáhætta** Þú hefur auknar líkur á að fá arfgengt krabbamein. Það er mikilvægt að muna að það er EKKI samasemmerki á milli þess að vera með breytinguna og að fá krabbamein.
- Hvað tekur nú við?** Þér verður vísað í eftirlit eftir því sem við á.
- Ættingjar** Fleiri í fjölskyldu þinni gætu borið þessa sömu breytingu og hægt er að kanna hvort svo sé með erfðarannsókn.



Erfðamáti *MUTYH* breytingarinnar
Það eru helmingslíkur á að foreldri sem ber breytinguna gefi hana áfram til sinna barna. Myndin sýnir að jafn líklegt er að karlar og konur beri breytinguna og þau geta gefið hana áfram jafnt til sona sinna og dætra.

- Annað eintak gens ber meinvaldandi breytingu
- Hvorugt eintak gens ber meinvaldandi breytingu

UPPLÝSINGAR FYRIR EINSTAKLINGA MEÐ MEINVALDANDI BREYTINGU Í *** GENI

Niðurstaða	Meinvaldandi	<i>MUTYH</i> breytingin sem fannst hjá þér er meinvaldandi og hefur verið tengd við arfgengt krabbamein
Erfðamáti	Breyting í <i>MUTYH</i> geni erfist með ríkjandi hætti	Allir hafa tvö eintök af hverju geni og erfa eitt eintak frá hvoru foreldri. Meinvaldandi breyting í öðru eintaki <i>MUTYH</i> gens getur aukið líkur á að þú fái ákveðnar tegundir krabbameina.
Krabbameinsáhætta	Aukin	Vísbendingar eru um að þessi breyting tengist aukinni áhættu á ristilkrabbameini (uppsöfnuð lífstíðaráhætta frá 10-14%).
Eftirlit	 Konur og karlar	Bæði körlum og konum sem bera meinvaldandi breytingu í <i>MUTYH</i> geni er ráðlagt að vera í eftirliti hjá meltingasérfræðingi. Mælt er með eftirliti á fimm ára fresti, frá 40 ára aldri.
Áhættuminnkandi aðgerðir	Breytilegt	Ákvarðanir tengdar áhættuminnkandi aðgerðum geta verið persónulegar og ákvarðast af fjölda mismunandi þátta. Best er að ræða þennan kost við sérfræðilækna.
Ættingjar	50% líkur - erfist óháð kyni	Þú hefur erfð breytinguna frá öðru foreldra þinna. Helmingslíkur eru á að þín börn og systkini beri þessa sömu breytingu. Breytingin gæti einnig fundist í fjarskyldari ættingjum. Mögulega er hægt að rekja breytinguna í fjölskyldunni. ATH! Ekki er ástæða til að gera erfðarannsóknir hjá börnum yngri en 18 ára.
Næstu skref	Upplýsingagjöf til ættingja	Við mælum með því að þú deilir þessum upplýsingum til ættingja þinna svo þeir hafi tækifæri til þess að kynna sér málið. Þeim er velkomið að hafa samband við Erfðaráðgjöf Landspítalans hafi þau hug á að koma í erfðaráðgjöf og/eða erfðarannsókn. Síminn er 543 50 70 og pósthfangið esd@landspitali.is
Tenglar	Frekari upplýsingar	<ul style="list-style-type: none"> • Heimasíða Landspítalans – www.lsh.is • Krabbameinsfélagið – www.krabb.is • Íslensk upplýsingasíða um brjóstakrabbamein – www.brjostakrabbamein.is • Áhættureiknivél – www.ask2me.org • Upplýsingasíða um brjóst- og eggjastokkakrabbamein á ensku – www.facingourrisk.org • Upplýsingasíða um brjóstakrabbamein á ensku – www.breastcancer.org • Hópar á samfélagsmiðlum